

## Platon. Hvað segir hann og hvað segja aðrir um fræði hans?

Platon (Aristókles Aristonsson) var nafntogaður forngrískur heimspekingur, nemandi Sókratesar og kennari Aristótelesar.

### *Sköpunarsaga (cosmology):*

„Hin heimspekilega tilraun Platons til þess að skýra fyrir sér uppruna efnisheimsins er á þessa leið: Hinn eilífi og ósýnileg frumheimur (tó on ontos) ríkti einn í hinni ótakmörkuðu auðn (apeiron). Æðst í þessum frumheimi var frummynd hins góða, en þar niður af allar hinar aðrar frummyndir. Þá gengu sálirnar út af frummyndunum, en fyrir milligöngu þeirra varð hinn sýnilegi heimur til, með því að þær veittu öllu lögun, líf og hræringu. ... [Ó]fullkomleiki á hlutheimi vorum [...] stafar frá hinni ótakmörkuðu auðn, er allir hlutur urðu til í, og frá eðlisnaðsyn efnisins. Auðnin er hin mikla óvera (tó me on), er kemur vöntuninni og skortinum inn hjá öllum hlutum. En í auðninni eru allir hlutir til orðnir fyrir milligöngu sálnanna og hinna stærðfræðilegu mynda. Og er þar komið að hinni stærðfræðilegu skýringu Platons. (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s.230.)

Til frekari skýringar á sköpunarsögunni greip Platon „[...] til hinnar guðfræðilegu skýringar (í Timaios), sem hann þó aðeins telur sennilega tilgátu [...]: Hinn mikli heimssmiður (demíúrgos), sem er ímynd eða fulltrúi hins algóða og hinnar eilífu skynsemi, óx upp af frumheiminum og skóp fyrst heimssálina, þá stjörnusálirnar, sálir hinna sýnilegu guða, og síðan allar aðrar sálir, sálir mann, dýra og jurta. Sálir þessar féllu stig af stigi fyrir áfergju sína og ílöngun í efnid og þrá eftir að fá holdlega mynd. Hlaut þá hver líkami eðli sitt og lögun eftir þeirri frummynd, er sál hans líktist mest. Sjálfur heimurinn fékk hina fullkomnustu lögun, hnattmyndina, og hina reglubundnustu hreyfingu, af því að hann var næstur frumheiminum [...].“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 231.)

### *Þrátt, samræða (díalektík - dialectics):*

„Samræðulist (dialektike) er nafn á rannsóknaraðferð eða öllu heldur rannsóknaraðferðum sem Grikkir beittu við heimspekiiðkanir sínar. Aðferðin er rakin til Zenóns frá Eleu (um 460 f.Kr.), .... Hjá Platóni er orðið dialektike í fyrstu notað til að lýsa samræduaðferð Sókratesar, aðferð sem Menón er ágætur vitnisburður um. ...

[Í] síðari ritum sínum tekur Platón að nota orðið dialektike í nokkuð öðrum skilningi. Í Ríkinu er hann kominn á þá skoðun að hin eina sanna aðferð í heimspekiiðkun sé að setja fram setningu eða tilgátu (hypothesis), kanna hvað af henni leiði og setja síðan fram aðra víðtækari setningu sem réttlæti, ef hún reyndist sönn, upphaflegu tilgátuna; og þannig áfram koll af kolli unz hin endanlega frumfarsenda allrar þekkingar og alls veruleika – þetta tvennt er eitt og hið sama hjá Platóni – hefur verið höndluð. ....

Í enn síðari verkum [...] má finna enn annan skilning á dialektike. .... [þar er hún] orðin einhvers konar greining (dairesis) í flokka og undirflokkum þar sem byrjað er ofan frá á hinu víðtækasta, ekki ólíkt því sem gert er í flokkunarfræði lífríkisins.“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985. Inngangur og skýringar Eyjólfssonar og Gunnars Harðarsonar, 124-126.)

### *Sál (psyche, soul):*

Hjá Platoni var sálin ódauðleg, fangi líkamans og tók sér eftir dauða hans bólfestu í öðrum. Hún er þrískipt; skynsemi, skap og langanir/ástríður. Þetta eða skylt sálarhugtak var síðar tekið upp í (frum)kristninni. Þessi kenning lýsir tvíhyggju.

„Platon hafði [...] skipt sálinni í þrjá mismunandi sálarparta og að orðið „sál“ þýddi þá ekki annað en upptök eða uppsprettu vissar lífrænna og sálarlegra fyrirbæra [...]. (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s.256.)

„Mannssálin eru sömu tegundar og himinsálin, ódauðleg og ólíkamlegs eðlis. Í mannlífinu skiptist hún þó í þrennt: skynsemi, hugprýði og ástríðu. Eitt sinn bjuggu sálinar í uppheimum og lifðu þá lífi hinna alsælu goða. En svo féllu þær, ástríðan dró þær niður á við; þær misstu himinflug sitt og íklæddust eðlisþunga holdsins og tóku að þjóna því. Og nú reika þær um á jörðinni og í undirheimum og fara við endurfæðingar úr einum líkamanum í annan, þangað til þeim tekst að lifa svo hreinu og grandvöru lífernir, að þær geti hafið sig aftur upp til uppeima.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 232..)

„Þá er mannsálin vaknar af svefni sínum og fer að virða fyrir sér heiminn og tilveruna, undrast hún og verður óróleg. Hún finnur sér ekki fullnægt í hinum breytilegu myndum skynheimsins, en svo festir hún auga á hinu fagra og fyllist guðmóði ástarinnar. Og þá fer hún að fá augastað á hugheiminum upp í yfir skynheiminum, á hinum eilífu og óumbreytanlegu frummyndum alls uppi yfir hinum fallvalta veruleika, þráir óðar að svífa upp úr skynheiminum og fallveldi hans, upp til hinna eilífu, alfullkomnu frummynda. Hún er vöknud, og hún er þegar komin inn á braut hinnar háleitustu speki, er leiðir hana úr heimi hilligganna upp til hins eilíf-sanna. Þetta er þá aðalugsunin í hugspeki (idealisma) Platons, og þannig varð hún til [...].“

„[M]eð því að reisa hvelfingu hins andlega, ósýnilega heims upp af skynheimi vorum kom hann fram með tvíhyggju (dualisma), er klauf tilveru vora í tvennt, í anda og efni; og ginnungagap það, sem þá myndaðist milli þessara tveggja heima, hins sýnilega og ósýnilega heims, hefur æ síðan reynzt örðugt að brúa.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s.229.)

Platon hefur eins og fyrr greinar skipt sálinni í þrjár deildir; löngun eða ástríður, skapið og skynsemina. Réttlætið mætti svo sem líka á sem hina fjórðu deild, en hlutverk þess er að skapa samhljóm í hinum þrem. Ætla má, að austurríski sálgreinandinn, Sigmund Freud, hafi í smíðju Platons sótt hugmyndina að þrískiptingu sálarkirnunnar í undirsjálfi (id, þar sem ástríðurnar og óskynsemin ríktu hamslaust), sjálfið (ego, þar sem skynsemin réði ríkjum að mestu) og yfirsjálfið (superego, þar sem boð, bönn og kvaðir áttu sér bólstað). Í eftirfarandi kafla úr Ríkinu nefnir Platon til sögu tvö mikilvæg aðhalds- og ögunaröfl eða verndara, óttann (sjálf) og skömmina (yfirsjálfi):

„Ennfremur er ljóst að enginn reynir nokkurn tíma að ráðast á eða slá til sér eldri manns nema stjórnendurnir mæli svo fyrir. ... „[Ég] býst heldur ekki við að nokkur óvirði sér eldri menn á annan hátt. Tveir verndarar, óttinn og skömmin, nægja til að aftra því, skömmin kemur í veg fyrir að maður leggi hönd á foreldra sína, óttinn er sá að aðrir komi fórnarlambinu til hjálpar, sem synir, bræður eða feður.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 59.)

*Þekking (knowledge, epistemology):*

Bæði konur og karlar þjuggu yfir þekkingu: „[É]g hef heyrt vitrar konur og vitra menn tala um guðdómlega hluti. ... Það sem satt er, sýndist mér, og fegurð að auki. ...Það sem það sögðu voru þeir spámenn og þær spákonur sem hafa látið sér annt um að geta fært rök fyrir því sem þau fara með. Pindaros talar líka um það og mörg önnur andrík skáld, þau sem hafa grennslazt eftir guðdómlegum hlutum.“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985, s. 79-80.)

*Nám og frummyndir (ideas):*

Í frummyndakenningu forngríska spekingsins, Platons, er kveðið á um áskapaðar myndir hluta og hugsana, hugmyndir. Segja má, að hún sé þríþætt, þ.e. hún fjallar um veruleikann (frumspeki). Hinn sanni veruleiki felst í frummyndunum. Á sama hátt felst hin sanna þekking í frummyndunum. Markmið þekkingarleitarinnar felst í því að afhjúpa þessar frummyndir. Hún er kölluð upprifjunarkenningin og tengd kenningu hans um sálina, sem tekur sér bólfestu í lífandi veru og hverfur á braut við dauða hennar – og tekur sér síðan bólfestu í nýrri. Hinn þriðji þáttur er siðfræðin, þ.e. boðorðið um að öðlast þekkingu á frummyndunum.

„Platón tengir upprifjunarkenningu sína hugmynd um tilvist sálarinnar fyrir komu hennar í mannlíkamann og endurfæðingu. Honum virðist að þar sem hugtakanám hafi ekki átt sér stað í þessu lífi, hljóti það að hafa átt sér stað í fyrra lífi. Í annan stað tengir hann upprifjunarkenninguna frummyndakenningu sinni.“

„[Í Fáidoni] ... er þessum kenningum haldið fram samhliða og þær notaðar sem rök fyrir ódauðleika sálarinnar. ... Sókrates leitaði að einhverju einu auðkenni á hverju siðferðilegu hugtaki. Platón verður æ hugfangnari af þeirri staðreynd að slík auðkenni eru ekki gefin í skynjun skilningarvitanna heldur verða þau höndluð með hreinni hugsun: ...“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985. Inngangur og skýringar Eyjólfss Kjalars Emilssonar og Gunnars Harðarsonar, s. 31.)

Sjálfur segir Platon: „[E]f einungis rifjast upp fyrir manni einn hlutur, en það kalla menn að læra, þá geti maður fundið alla hluti af sjálfsdáðum ef maður er ötull og þreytist ekki í leitinni. Því þegar öllu er á botninn hvolft, er það að leita og það að læra ekki annað en upprifjun.“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985, s. 80.)

*Dyggðir (virtue, excellence):*

Platon setti fram fjórar dyggðir, þ.e. réttlæti sem einhvers konar samstillingardyggð gagnvart hinum þrem; visku, hófstillingu og hugrekki. Réttlæti (sjá: justice) er nánast lagt að jöfnu við dyggð, sem ásamt farsældinni ber vitni sál í jafnvægi. Þannig á réttlætið rót í manneðlinu. Í Georgísai kemst hann svo að orði: „[...] að bezta leiðin til að lifa lífinu er leið réttvísinnar og dyggðarinnar, bæði til að lifa og deyja. Þessu kalli skulum við hlýða, og hvetja aðra til að slást í för með okkur.“ (s. 197)

Í samræðunni, Menón, er lýst dygðum karla og kvenna: „Fyrst er nú hægt að segja hver sé dygð karlmannsins að vera hæfilegur til að rækja störf sín í þágu borgarinnar, og með þeim störfum að gera gagn vinum sínum en óvinum skaða, en varast sjálfur að verða fyrir nokkru

slíku. ... [Dygd konunnar er að] stjórna vel húsinu, hirða það sem er innanstokks og vera mannum auðsveip.

Og ein er dygd hins unga, bæði karls og konu, og önnur hins eldra manns, og ein er dygd hins frjálsa og önnur hins ánauðuga.“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985, s.61.)

Í sömu samræðu segir Platon um tilkomu dyggðarinnar: „[Þá] kemur dygðin hvorki af náttúrunni né verður hún kennd, heldur kemur hún fyrir guðlegan tilstyrk, án vits, í þá sem hana fá, [...]“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1985, s. 120.)

*Vinátta (friendship):*

Forngríska heimspekingum, Platóni, var einkar hugleikinn þáttur gagnseminnar í vináttunni, sem aftur endurspegladist í göfginni eða því, sem horfði til heilla og hamingju í fari hvers manns. Hamingjan var grundvallarhugtak í heimspeki hans, leitinni að þeim gæðum, sem skópu hana. Vinátta var í þessu sambandi góð og gagnsemin jafnvel undirstaða sjálfrar ástarinnar. Hugmyndin er óneitanlega dálítið sérgæskuleg. Það virðist svipað gilda um vináttuna og réttlætið, þ.e. gæti stuðlað að hamingju. Réttlæti má skilja sem gott siðferði, eins konar samvinnu og samhljóm ólíkra einstaklinga, sem eru sáttir við sjálfa sig, eru í góðu jafnvægi. Slíkir einstaklingar eru ekki aðeins réttlátir heldur einnig farsælir eða hamingjusamir. Eiginlega býr réttlætið í eðli mannsins sem hin æðsta dyggð, er skapar samhljóm í sálinni (skipt í; ástríður/langanir, skap og skynsemi/vit) fyrir tilstilli hinna þriggja; hófseminnar, hugrekkisins og viskunnar. Viskan er aðall sálarinnar. Hið góða er leiðarljós viskunnar. Þetta er megininntakið í siðferðissálfræði Platons.

*Ást, kyn, kynhneigð og kvenfrelsun (love, sexuality, sex role, sexual role, sexual orientation, feminism, womens liberation):*

Díótíma frá Mantíneu var kvenspekingur, er kenndi læriföður Platons, Sókratesi, ástarfræði og önnur fræði reyndar einnig. Ástarþráin er eins konar sköpunarþrá, getnaðurinn eins konar sköpun. Í sköpuninni leitar maðurinn ódauðleikans. Frjósemin er í blóð borin, frjósemi hvort heldur í þeim skilningi að geta börn ellegar skapa listaverk eða önnur andans verk. Ástin er fögur. Skilningur á fegurð líkama ástmanns, karls eða konu, er grundvöllur að skynjun fegurðar yfirleitt, fegurðar á æðri stigum; fegurð annarra líkama, fegurð í lífsháttum, siðvenjum og vísindum. Ástin er einnig jarðvegur dyggðar, hugrekkis. Goðin virtust meta ástarhugþryði aðra fremur. Hvorki kynferði né kynlífstilhneigingar virðast skipta máli.

Guð ástarinnar er Eros. Í samdrykkju Platons segir Fædros: „Þannig berst víða samhljóða vitnisburður um að Eros sé eitt hinna elsku goða. Sem hið elsta er hann okkar mesti blessunarvaldur. Ekki kann ég fyrir mitt leyti að nefna neitt meira kapp fyrir yngissvein en góðan ástmann og fyrir ástmanninn ljúfling. Því hvorki ættgöfgi, mannvirðingar, auður né neitt annað jafnast á við ástina í að innræta mönnum það sem verður að stýra öllu mannlegu lífi, það er að segja þeirra sem hyggjast lifa fagurlega. Hvað skyldi ég nú eiga við? Jú, skömmina vegna þess sem ljótt er og metnaðinn til þess sem er fagurt. Án þessa getur hvorki ríki né einstaklingur drýgt miklar og fagarar dáðir.

Ég fullyrði að ástfanginn manni sem verður ber að því að gera eitthvað skammarlegt eða að skorta manndóm til að bera hönd fyrir höfuð sér þegar að honum er veist, svíði sárara að ljúflingur hans sjái til hans en faðir, ástkona eða nokkur annar. Þetta sama sjáum við líka hjá

hinum elskaða, að hann fyrirverður sig sérstaklega fyrir ástmanninum þegar hann er staðinn að einhverri smán. Væru nú einhver ráð til að stofna ríki eða her ástanna og ljúflinga þeirra, fyrirfyndist ekkert ríki sem væri betur stýrt en þeirra, af því að þeir forðuðust alla smán og kepptu að hverri sæmd. Ef slíkir menn berðust hlið við hlið, bæru þeir sigurorð af svo að segja öllum þótt fálíðaðir væru. ...

Einungis elskendur vilja deyja hver fyrir annan, ekki aðeins karlmenn heldur konurnar líka. Dóttir Pelíasar, Alkestis, ber Grikkjum rækilega vitni um þetta þar sem hún ein var fús til að deyja fyrir eiginmann sinn [...].“ (Platón: Samdrykkjan (og Plótínos um fegurðina): Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999, s. 54-57.)

Drykkjufélaginn, Pásanías, heldur áfram: „Eros hinnar alþýðlegu Afródítu [...] er ástarhvöt hins óheflaða almúga sem hefur í fyrsta lagi ekki síður hvöt til kvenna en drengja og girnist auk þess fremur líkama en sál þess sem hann girnist. Hann sækist efir eins skyni skroppnum mökum og kostur er, því hugur hans stendur til þess eins að ljúka sér af án þess að skeyta hið minnsta um hvort það er þokkafullt eða ekki. ...

Eros þeirrar himnesku er aftur á móti ástarhvöt gyðju sem á enga hlutdeild í hinu kvenlega, heldur aðeins í hinu karllega – hann er líka sveinaást – og auk þess eldri og laus við offors. Þeir sem innblásnir eru af þessum Erosi hneigjast því að hinu karllega. ... Þeir hrífast ekki af smádrengjum, heldur piltum sem eru að vakna til sjálfstæðrar hugsunar, en það er þegar þeim fer að vaxa hjungur.“ (S. 62.)

Í hinu merka riti sínu, Ríkinu, leggur Platon til þrískiptingu samfélagsins eða þegnanna raunar í stjórnendur, sem búa skuli yfir visku sem meginbyggð, verjendum eða hermönnum, sem búa skuli yfir hugrekki sérstaklega og loks framleiðendum eða fólki flest, sem sér um almenn störf. Þeirra megin byggð er hófsemin. Platon sá fyrir sér, að bæði kynin gætu leikið hlutverkin.

„Þó Platon liti smáum augum á kvenþjóðina, eins og hún var á hans tímum, gjörir hann þó ráð fyrir fullu jafnrétti karla og kvenna í fyrirmyndarþjóðfélagi sínu. Hann er þannig að réttu lagi fyrsti kvenfrelsispostulinn. Heldur hann því fram, að konur séu alveg sömu gáfum gæddar og karlmenn, aðeins þróttminni að eðlisfari, en þó gjörir hann ráð fyrir, að þær hljóti alveg sams konar uppeldi og verði sömu réttinda aðnjótandi og karlmenn, enda taki þær þá þátt í landvörnum og stjórn ríkisins. (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 235.)

Um þetta efni segir Platon sjálfur m.a. í Ríkinu: „Svo ef við hyggjumst nota konurnar til sömu verka og við notum karlmennina, verðum við að kenna þeim það sama. Karlmennirnir fengu hljómlist og íþróttir. ... [V]eita verður komunum hlutdeild í báðum þessum listum og líka í hernaðarlistinni og nota þær á sama hátt.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 29.)

„Við munum enn halda því fram að verndararnir okkar og konur þeirra eigi að vinna sömu störf.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 36.)

„Þá er ekkert starf við stjórn ríkisins, [...] sem fellur í hlut konunnar vegna þess að hún er kona eða karlmennisins vegna þess að hann er karlmaður, heldur skiptast manngerðirnar líka niður á kynin, og eðlið býður að konan taki þátt í öllum störfum og einnig karlmaðurinn, þótt hún hafi minni burði en hann í öllum greinum. ... Þá er það ein og sama manngerð hjá körlum og konum sem er fallin til að vernda ríkið, nema hvað hún hefur minni burði hjá öðru kyninu

og meiri hjá hinu.“(s. 38) (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 38.)

*Fegurð og listir (beauty, esthetics, art):*

Í Samdrykkju Platons lætur lærifaðir hans, Sókratess, viðmælendur sína njóta uppfræðslu kennara síns í ástarfræðum (og öðrum fræðum), Díótímu njóta visku hennar. Hann segir:

„Allir menn [...] eru frjóir, bæði á líkama og sál, og þegar við höfum náð vissum aldri þráir eðli okkar að geta. En getnaður við það sem er ljótt er óhugsandi, og verður aðeins við hið fagra. Samfarir karls og konu eru getnaður, sem er guðdómlegur hlutur. Þetta, að frjóvga og fæða, er það sem dauðleg vera hefur í sér af ódauðleika. En þetta getur ekki átt sér stað í því sem er vanstillt, og í augum alls hins guðdómlega er ljótleikinn eitthvað vanstillt, hið fagra samstillt. Því er það að komi eitthvað frjótt í nánd við það sem er fagurt hýrnar það og kætist, og það frjóvgar og elur.” (Platón: Samdrykkjan (og Plótínos um fegurðina): Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999, s. 113.)

„Sá sem fer rétt að í þessu efni [...] skyldi þegar á unga aldri bera sig eftir fögrum líkómum, og veiti leiðtoginn rétta leiðsögn, elskar hann fyrst einn fagan líkama og getur í því sambandi af sér fagrar hugmyndir. Þá gerir hann sér ljóst að fegurð eins líkama er af sama meiði og fegurðin í öðrum líkama, og að sé fegurð ásýndarinnar eftirsóknarverð, skjátlist honum ekki svo mjög ef hann telur fegurð allra líkama eina og sanna.

Þegar hann hefur skilið þetta, skal hann gerast elskandi allra fagurra líkama og láta af ofurástinni á einum sem hann líti nú niður á sem einhverja þröngsýni. Þessu næst skal hann meta meira fegurð sálna en líkamans, svo að hann geri sér að óðu að eiga elskuhuga sem er sálgáfum búinn þótt líkaminn standi í litlum blóma. Þennan mann á hann að elska og láta sér annt um og geta af sér hugmyndir sem eru til þess fallnar að bæta unga menn. Hann er þá tilneyddur að skoða hið fagra í lífsháttum og siðvenjum til að sjá að allt þetta er sömu ættar, og kemst að þeirri niðurstöðu að líkamleg fegurð sé lítils verð. Eftir lífshættina skal leiða hann áfram upp til vísindanna svo að hann sjái fegurðina sem í þekkingu býr. Hið fagra blasir nú við honum hvarvetna og hann horfir ekki lengur á það í einhverju einu eins og húsþræll sem dásit að fegurð lítils drengs [...] hann stendur nú andspænis reginhafi hins fagra og beinir að því sjónum, getur hann margar fagrar og háleitar hugmyndir og hugsanir í ósínkri vísuást, uns hann, elfdur og aukinn, kemur auga á eina mynd þekkingar á því líkri fegurð sem nú skal greina [...] hefur þegar tekið stefnuna á endamark ástarinnar, mun skyndilega koma auga á eitthvað sem er í eðli sínu undursamlega fegurð.“

„[Hið fagra birtist] sjálft, hvílandi í og með sjálfu sér, ætíð í einni og sömu mynd [...]. Allt annað sem fagurt er á hlutdeild í því [...] hvorki eykst né þverr hið fagra sjálft eða tekur nokkurri breytingu.“

Æðsta stigi í fegurðarþroska hefur sá náð, sem auðnast: „að sjá hið fagra sjálft, tært og hreint og skírt, ómengað af mannlegu holdi og lit og öðrum forgengilegum hégóma, og gæti greint hina guðdómlegu fegurð einskæra.“ (Platón: Samdrykkjan (og Plótínos um fegurðina): Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999, s. 119-123.)

Því má skilja Platon svo, að skynjun og skilningur á fegurð eigi sér stað í þrepum; fögur hugmynd um einn fagan líkama, leiðir til skilnings á fegurð margra líkama og sálna. Slíkt feugar sáluna og siðina, sem aftur leiða til fagurra lífshátta og mannlífs, þar sem blómstra

fögur vísindi og þekking og opinberast eiginlegt eðli hin fagra, hin algilda fegurð. Hið nauðsynlega skilyrði hennar er eining og samræmi.

Platon heldur því fram, „að fyrir hvern hlut séu þrjár listir: til notkunar, til sköpunar og til eftirlíkingar.“ Hann var að sönnu heldur tortrygginn í garð lista og listamanna. Það ræðst trúlega af vantrú hans á ásýnd hlutanna og þeirra skoðana, sem fólk myndar sér á grundvelli þeirra. Skynjunin er nefnilega brigðul.

„Og sömu hlutir sýnast beinir og beygðir eftir því hvort þeir eru séðir í vatni eða ekki, íhvolfir eða kúptir, vegna þess að litirnir villa um fyrir sjóninni, og alls konar brenglun önnur á sér greinilega stað í sál okkar. Skuggamálun og sjónhverfingar og margar aðrar tæknibrellur af því tagi eru hreinir galdrar vegna þess að þau notfæra sér þennan veikleika í eðli okkar.....Og hafa ekki mæling, talning og vigtun reynst dágóð hjálp á þessu sviði, svo að við látum ekki stjórnast af því sem sýnist stærra eða minna, þyngra eða léttara, heldur af því sem telst, mælist og er vegið?“ (s. 342)

„Svo að rétt væri að grípa skáldið þegar í stað og setja það við hlið málarans: það líkist nefnilega honum í því að skapa hluti sem eru ómerkilegir í samanburði við sannleikann og í því að blanda geði við einhvern annan hluta sálarinnar en þann besta, og líkja eftir honum....Því skáldið vekur og nærir þennan hluta sálarinnar og brýtur niður skynsemina með því að gera hann sterkan, líkt og sá sem færir slæmum mönnum völdin í ríki með því að gera þá sterka, en spillir þeim sem eðlari eru. Á sama hátt segjum við að hermiskáldið skapi slæma stjórnskipan í sálinni hjá hverjum og einum....; það býr til skuggamyndir og er víðs fjarri sannleikanum.“ (s. 348) (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s.

„Og hvað ástarhvötinni viðvíkur, reiðinni og allri löngun í sálinni, hvort heldur sárri eða ljúfri, sem við segjum að sé fylginautur allra verka okkar, þá kallar hermiskáldskapurinn þetta fram í okkur. Því hann nærir það og vökvar, þegar frekar ætti að þurrka það upp, og fær því stjórnina í hendur, þegar það ætti að lúta stjórn, svo að við megum verða betri og hamingjusamari í stað þess að verða verri og vesælli.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 351.)

Þessi orð Platons eru eftirtektarverð m.a. í ljósi umræðu á síðustu öld um gerð sálarinnar og lækningu sálarmeina. Platon virðist fylla flokk þeirra, sem telja bælingu vondra hvata og minninga leiðina til heilbrigði hugans, en nemandi hans, Aristoteles, sem taldi listir og tjáningu aftur á móti hafa stuðlað að heilbrigði hennar, fyllti væntanlega flokk þeirra, sem trúa því að upplýsing allra skúmaskota sálarinnar og útrás með skilningsauka í samtali við sállæknanda (psychotherapist, psychoanalyst, therapist) í tilbót, sé algert sálhjálfparatriði. Nú er raunar til svonefnd listmeðferð (art therapy) og leikræn tjáning af ýmsu tagi (psychodrama).

List er sum sé eftirlíking sýndarinnar, það sem ber fyrir augu og eyru. Hún kemur vísast róti á sálina og gefur ósanna eða ógilda þekkingu. Hin sanna þekking felst í afhjúpun frummyndarinnar, en listin getur einungis orðið eftirmynd frummyndarinnar. Síðasti hluti listsköpunar er því að líkja eftir eftirmyndinni. Hér skiptir tækni eða sjálft listfengi (techne) listamannsins við af skapa eftirlíkingu (mimesis) af eftirmyndinni öllu máli samkvæmt því listhugtaki fornaldar, að list felist í hæfni og kunnáttu til að ná tilteknu markmiði með sérstökum aðferðum. List er á þessum grundvelli að skilja sem eins konar blekkingu, sem endurspeglar hverfula sýnd, þ.e. mynd (eikon) en ekki sjálfa frummyndina. Það getur einungis skynsemin gert.

Framansagt á einkum við um höggmyndalist og málalartist. Skáldskapurinn stuðlar ekki einungis að óreiðu og glundroða í sálunni með því að kynd undir ástríðurnar, heldur gæti hún aukin heldur grafið undan sjálfu réttlætinu í borgríkinu. Hún er jafnvel varhugaverðari en myndlist, því taumhaldsleysi og útrás tilfinninganna – jafnvel þótt hún kynni að veita nokkra ánægju – hefur óheillavænleg áhrif. Hún stuðlar að nautn og þjáningu í stað siðboða og skynsemi.

En hinn djúphuguli og skapskyggni heimspekingur bendir fram á við. Hugsanlega hafi listir sér sitt hvað til málsbóta:

„Látum samt sem áður koma fram að ef hinn munúðarfulli skáldskapur og hermilist gætu borið fram einhver rök fyrir því að brýnt sé að hafa þau í siðsömu ríki, myndum við að minnsta kosti kalla skáldskapinn heim úr útlegð fagnandi, því okkur er ljóst að við erum sjálfir heillaðir af honum.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s.353).

*Heilsa og sjúkdómar (health, disease, disorder, illness, sickness, clinical psychology, psychiatry):*

„Í verki sínu, Timaios, er Platon líkamleg heilsa hugleikin fyrst og fremst. Hann útskýrir, að „líkaminn sé gerður úr fjórþættum efniviði: jörð, eldi, vatni og lofti. Óeðlileg gnótt ellegar skortur einhverra hinna fjögurra þátta leiðir til óreiðu eða sjúkdóms.“ Þegar Platon útskýrir heilbrigða sál í heilbrigðum líkama, leggur hann til grundvallar þrískiptingu sálarinnar; hugsun, vilja og hvöt. Jafnvægi hinna þriggja deilda sálarinnar er forsenda góðrar heilsu, þ.e.sálin er farsæl í heild sinni. Raunar er siðferðilegur hugsanangangur Aristótelesar í grundvallaratriðum sá hinn sami, „hinn gullni meðalvegur“ eins og hann tekur til orða, þ.e. hvorki of né van. (Anfinn Stigen. Tenkningens historie I. Ad Notam, Gyldendal, Oslo 1992 – lauslega snarað af mér.)

Í Ríkinu hugsar Platon sér að jafnvægi í sálinni og þar með góð heilsa verði fyrir tilstuðlan eins konar innra réttlætis eða jöfnunar áhrifa hinna mismunandi deilda sálarinnar. Hann segir:

„Í raun og sannleika virðist réttlætið vera eitthvað þessu líkt, en ekki með tilliti til ytri verka mannsins, heldur innri, þess sem að sönnu er hann sjálfur og hans eigið. Hann leyfir ekki að neinn þáttur sálar sinnar geri neitt sem undir annan heyrir eða að þeir séu að vafstra hver í annars málum. Þess í stað kemur hann góðri reglu á það sem honum heyrir og stjórnar sjálfur sjálfum sér. Hann heldur sér til og verður sinn eigin ástvinur og stillir saman þættina þrjá alveg eins og þrjá .....Og ef eitthvað skyldi vera þarna á milli, bindur hann það saman og verður sjálfur fullkomlega eitt í stað margs, hófstilltur og samstilltur.....hugsar hann og segir, að réttlátt og göfugt verk sé það sem varðveitir og styður þetta ástand sálarinnar og að víska sé þekkingin sem býr að baki verkinu.“ (Platon: Ríkið I, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 349.)

„Í rauninni er meginvandi Platóns í Gorgíasi meginvandi allrar siðfræði: hvers vegna skyldu menn heldur breyta siðferðilega en ekki, til dæmis ef hið gagnstæða kemur þeim sjálfum betur eins og oft er? ... Kjarninn í svari Sókratesar er sá, að siðleysi sé sjúkdómur í sálinni og sjúk sál hljóti að vera ógæfusöm. Þess vegna sé það bezt fyrir mann sjálfan að vera réttvís. Nú er það ekki einber geðþóttaákvörðun Platóns að kalla siðleysi sjúkdóm. Hann hefur það til síns máls, að eigi sál að kallast heilbrigð, hljóti samræmi að ríkja innan hennar. En siðleysi stafar yfirleitt af því, að menn gefa ástríðum sínum lausan tauminn og láta stjórnast af þeim. Þegar slíkt hendir, er sálin stjórnlaus og úr jafnvægi, og er það sjúklegt ástand.....Ef til vill er of



sterkt til orða tekið að kalla hugmyndir Platóns um siðleysi sem sjúkdóm siðfræðikenningu. En hugmyndin um samlíkingu heilbrigðis og siðferðis virðist bjóða heim frekari úrvinnslu, því....hér er áreiðanlega um djúpstæða hugmynd að ræða.“ (Platon: Gorgias. Hið Íslenska bókmenntafélag 1977. Inngangur eftir Eyjólf Kjalar Emilsson, s. 35-36.)

*Stjórnmál (politics, political science):*

Í hinu merka riti sínu, Ríkinu, leggur Platon til þrískiptingu samfélagsins eða þegnanna raunar í stjórnendur, sem búa skuli yfir visku sem meginbyggð, verjendum eða hermönnum, sem búa skuli yfir hugrekki sérstaklega og loks framleiðendum eða fólki flest, sem sér um almenn störf. Þeirra megin byggð er hófsemin. Platon sá fyrir sér, að bæði kynin gætu leikið hlutverkin.

„Stjórnspeki Platons fer í sömu átt og siðspeki hans. Álítur hann, að þjóðfélagið sé ein heild, eins og hver annar einstaklingur þess, en skiptist í þrjár meginstéttir, þar sem vit, metnaður og ásælni fá að ráða. Eiga spekingar og þeir, sem þekkinguna hafa, að ráða fyrir þjóðfélaginu eins og vitið fyrir einstaklingnum. En hugrekkið og metnaðurinn, sem dregur taum skynseminnar, á að ríkja hjá hermönnum og embættismönnum, er eiga að gæta lands og laga gegn ytri og innri árásum. En öll alþýða manna á hvorki að skipta sér af landsvörnum né stjórnmálum, heldur á hún með ábatasömum atvinnurekstri að hafa ofan af fyrir sér og starfmönnum hins opinbera. En hver þessara stétta á að gæta hófstillingar í öllum greinum.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 235.)

„Þó Platon liti smáum augum á kvenþjóðina, eins og hún var á hans tímum, gjörir hann þó ráð fyrir fullu jafnrétti karla og kvenna í fyrirmyndarþjóðfélagi sínu. Hann er þannig að réttu lagi fyrsti kvenfrelsispostulinn. Heldur hann því fram, að konur séu alveg sömu gáfum gæddar og karlmenn, aðeins þróttminni að eðlisfari, en þó gjörir hann ráð fyrir, að þær hljóti alveg sams konar uppeldi og verði sömu réttinda aðnjótandi og karlmenn, enda taki þær þá þátt í landvörnum og stjórn ríkisins. (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 235.)

Líklega er Platon fyrsti fulltrúi jafnaðarstefnunnar (communism), Karl Marx og Lenin sporgöngumenn hans. Í ríkinu viðrar hann hugmyndir í þessa veru:

„[Sé] aðeins ein skoðun uppi um eignir og allir teldu einn og sama hlutinn eign sína, eru þeir þá ekki eins samstilltir í gleði og raunum og hugsanlegt er. ... Og munu ekki ákærur og kröfur manna hvers og hendur öðrum hverfa meðan þeirra þar eð enginn á neitt í einkaeign nema eigin líkama, og allt annað er sameign? Af þessu leiðir að þessir menn verða lausir við illdeilur að svo miklu leyti sem deilur mannanna snúast um fjármuni, börn eða skyldmenni.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 58.)

Platon er ekki með öllu stórhreifinn að lýðræðinu, sem hann telur, að líkast til yrðu fegurst allra tegunda stjórnskipanna. Hann færir rök að máli sínu:

„Ofgnótt auðs [...] var hin ríkjandi hugmynd um lífsgæði sem stuðlaði að tilkomu auðveldisins. ... Og óseðjandi hungur eftir auði og skeytingarleysi um annað sem fégræðgin olli varð banabiti þess. ... Ætli það sé ekki líka óseðjandi hungur eftir þeim gæðum sem lýðræðið setur sér sem ver því að falli. ...

„Ætli frjálsræðið hljóti ekki að breiða sig út um allt í því líku ríki [...] og síast [...] inn á heimilin [...] svo að á endanum festir stjórnleysið rætur, [að] faðir til dæmis [...] temji sér að

líkjast barni sínu og óttist syni sína, og sonur að líkjast föður og finni hvorki til blygðunar né ótta gagnvart foreldrum sínum, svo að hann sé nú frjáls. .... [Þ]egar hér er komið óttast kennarinn nemendurna og skjallar þá, en nemendurnir hæðast að kennara sínum – og sama hendir fóstura þeirra. Almennt þá apar æskulýðurinn eftir hinum eldri og etur kappi við þá bæði í orði og verki, en öldungarnir eru fullir léttúðar og þokka til að þóknast æskunni og herma eftir henni, svo að þeir séu nú ekki álitnir leiðinlegir og ráðríkir.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 260-261.)

*Fjölskylda, hjónaband, samlíf (family, marriage, relationships):*

Platon boðaði í Ríkinu, bókinni um fyrirmyndarmannlífið í fyrirmyndarríkinu, afar róttækar hugmyndir um fjölskyldulíf, samlíf og mannrækt, ekki ósvipaða þeirri, sem Adolf Hitler reyndi mörgum öldum síðar.

„Allar þessar konur [er starfa að stjórn ríkisins] skulu vera eiginkonur allra þessara karla sameiginlega og engin þeirra má búa með einum karli sérstaklega. Börnin skulu ennfremur vera sameign allra og hvorki skulu foreldrar þekkja börn sín né börnin foreldra sína.“ ((Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 42.)

„En þú, löggjafi þeirra, sagði ég, skalt velja konur handa mönnunum eins og þú valdir þá sjálfa, eins líkar þeim að upplagi og hægt er. Þau lifa öll í sambúð, því þau búa undir sama þaki og setjast saman til borðs, enda hefur enginn neitt þess háttar út af fyrir sig. Þar sem kynin blandast bæði í íþróttum og við aðra þjálfun, á ég von á að meðfædd náttúrleg nauðsyn knýi þau til samræðis hvert við annað.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 44.)

Sérstaka áherslu ber að leggja á ræktun hermanna eða verndara: „[E]iga bestu karlarnir og bestu konurnar að hafa samfarir sem tíðast og lökustu karlarnir og lökustu konurnar sem sjaldnast. Það á að ala upp afkvæmi þeirra fyrrnefndu, en hinna ekki, ef flokkurinn á að hafa sem mesta yfirburði til að bera. Og allt þetta verður að gerast án vitundar annarra en stjórnendanna sjálfra svo að sem minnst verði um flokkadrætti í hjörð verndaranna. (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 47.)

„Þeim ungmennum sem skara fram úr í hernaði eða á öðrum sviðum ber sjálfsgætt að veita rétt til að sænga óspart með konum, auk annars heiðurs og verðlauna, og nota þetta sem átyllu til að láta þá geta sem flest börn.“

Uppalendur eða kennarar úrvalsbarnanna skulu vera karlar jafnt sem konur: „Og þar til gerðir embættismenn – karlar eða konur eð hvort tveggja – [skulu] taka við börnunum sem fæðast. Embættisstörf heyra víst undir bæði kynin. ....

Ég hygg að þeir taki börn góðu mannanna og fari með þau í kví þar sem sérstakar fósturur sem búa afsíðis í borginni taka við þeim. Börn hinna lakari og þau af hinum sem vansköpuð eru fela þeir á óþekktum og huldum stað eins og hæfa er.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 48.)

„Þessir embættismenn sjá líka til þess að börnin nærast og fylgi mæðrunum í kvína þegar gefa þarf brjóst. Þeir neyta allra bragða til að koma í veg fyrir að nokkur móðir beri kennsl á eigið barn og útvega brjóstmæður hafi mæðurnar sjálfar ekki næga mjólk. Þeir sjá um að börnin

sjúgi ekki lengur en hæfilegt er og láta fóstrur og kennara um að vaka yfir þeim og annað strit.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 49.)

*Menntun og uppeldi (education, pedagogy, educational science, school, training, upbringing):*

Svo skilgreinir Platon menntun: Menntunin [er] einmitt sú list að snúa sálinni [...] á þann hátt sem er auðveldastur og áhrifaríkastur, ekki að gæða hana sjón.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 165.)

Nauðung og þvingun er að dómi Platons andstæð menntun: „[N]auðungarvinna gerir líkamanum ekkert til, en námsgrein sem þvingað er upp á sálina festist ekki í henni. [Þess vegna] skaltu ekki [...] þvinga börn til náms, heldur skaltu þjálfa þau með leik. ... [Þ]reyta og svefn eru óvinir alls náms.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 208.)

„Ef menntunin gerir menn skynsama, verður hægðarleikur fyrir þá að greiða úr öllum þessum málum og mörgum öðrum [...]: það eru mál sem varða kvonfang og hjónaband og getnað barna, en allt slíkt á að leysa samkvæmt orðtakinu að vinir eigi sem flest saman. ... Því séu góðu uppeldi og menntun haldið við getur það af sér gott innræti. Og gott innræti sem beitir slíku uppeldi viðtöku þroskast til að verða betrungur fyrri kynslóðar í öllum greinum og þó sérstaklega í því að geta af sér góð afkvæmi eins og dæmin líka sanna hjá öðrum lífverum. ... Í fáum orðum sagt verða umsjónarmennirnir í ríkinu að halda fast um uppeldi svo að því hraki ekki án þess að þeir taki eftir því, heldur skulu þeir umfram allt vernda það: Ekki má koma með neina nýbreytni í líkamsrækt eða hljómlist sem er andstæð réttri reglu.“ ....

„Verður þá ekki [...] að venja börnin okkar við meiri virðingu fyrir lögum og reglu í leikjum sínum strax í upphafi? Því komist lögleysi inn í leikinn og þar með í vörðina sjálfa er óhugsandi að úr þeim verði löghlýðið og áreiðanlegt fólk. ... Þá mun löghlýðnin, gagnstætt því sem varð hjá hinum börnunum, fylgja þeim hvert sem er og eflast enn meir og lagfæra það sem aflagast kann að hafa í ríkinu áður.“

Æskilegt er að semja reglur um: „að æskufólk hafi háttvíslega hljóð í viðurvist öldunga, leiði þá til sætis og standi upp fyrir þeim og sýni foreldrum sínum ræktarsemi, og svo líka reglur um hárgreiðslu, klæðaburð og fótubúnað og útlit líkamans yfirleitt og annað af því tagi.“ (Platon: Ríkið I, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 305-307.)

Ætli blanda af hljómlist og íþróttum láti nú ekki skynsemina og skapið hljóma saman eins og við sögðum: hún skerðir annað og nærir það á fögnum orðum og námi, en hitt mýkir hún, sefar og róar með samstillingu og hrynjandi. ... Og þegar þessi tvö hafa verið alin svona upp og að sönnu lært sitt verk og hlotið menntun, munu þau ríkja yfir lönguninni sem raunar er stærsti hluti sálarinnar hjá hverjum manni og í eðli sínu mest óseðjandi hvað varðar efnisleg gæði. Þau munu hafa gætur á því að hún fyllist ekki af svokallaðri líkamlegri ánægju og verði stór og voldug og hætti þá að vinna sitt verk, en reyni þessi í stað að undiroka og stjórna því sem kyni hennar hæfir ekki að stjórna og kollsteypa þar með öllu lífi hvers einasta manns.... (Platon: Ríkið I, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 346.)

Afkvæmi verndara ríkisins þjálfa sérstaklega bæði í heimspeki og herstjórnarlist: „Sem allra yngst verða þau að koma á hestbak [...] og þegar búið er að kenna þeim að sitja hest er farið með þau til að horfa á orrustuna ríðandi á hestum sem hvorki eru styggir né slægir, en fljótir og viðráðanlegir. Þetta er besta leiðin til að sýna þeim hvað fyrir þeim liggur og sú öruggasta

til að bjargast í fylgd eldri foringja, ef þörf krefur.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 64-65.)

Platon tekur skýra afstöðu til grundvallarinntaks menntunar og gildis. Hann segir „að hinn æðsti lærdómur fjalli um frummynd hins góða, og með því að styðjast við hana verði hið réttláta og allt hitt gagnlegt og heillavænlegt. .... [V]ið þekkjum frummynd hins góða ekki nógu vel. [en svo virðist sem] að öllum þorra manna [þyki] hið góða felast í ánægju, en þeir sem fágaðri eru í hugsun telja viskuna vera hið góða.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s.139.)

Hann útskýrir frummynd hins góða nánar: „[Á] hinstu mörkum þess sem þekkt verður er frummynd hins góða, og erfitt er að festa sjónir á henni. En sá sem sér hana hlýtur að álykta að hún sé orsök alls sem er rétt og fagurt og að hún sé foreldri ljóssins í hinum sýnilega heimi og gjafara þess; ennfremur að á hinu huglæga sviði, þar sem hún er sjálf drottning, sé hún höfundur sannleika og hugsunar, og að hana verði sá að sjá sem hyggst haga gerðum sínum viturlega í einkalífi eða þjónustu ríkisins.“ (Platon: Ríkið II, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1997, s. 163.)